



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni tillögu: *Nýtt útboð á heimsendum mat*

Lagt er til að velferðarráð samþykki að fela velferðarsviði að fara að nýju í útboð á heimsendum mat og pökkun. Útboðið fari fram á grundvelli fyrirbyggjandi þarfagreiningar en með breytingu á tímabili þjónustu, þ.e. tímaspönn samnings verði aukin frá tveimur árum í tíu ár til að tryggja að viðunandi tilboð fái. Tillagan hefur ekki í för með sér aukakostnað fyrir velferðarsvið.

Greinargerð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur rekið framleiðslueldhús á Vitatorgi síðan árið 1997 og þar er framleiddur annars vegar hraðkældur matur sem sendur er til fólks í heimahúsum og hins vegar heitur matur fyrir þjónustuíbúðir og félagsmiðstöðvar. Að meðaltali eru eldaðar um 950 máltíðir á dag en fjöldi matarskammta getur verið allt frá 600 til 1.400 máltíðir.

Á fundi velferðarráðs þann 5. maí 2021 var samþykkt að fela velferðarsviði að fara í heildarendurskoðun á matarþjónustunni til þess að þróa þjónustuna í samræmi við áherslur í matarstefnu Reykjavíkurborgar 2018-2022. Samþykkt var m.a. að gera þarfagreiningu og kröfulýsingu vegna útboðs á framleiðslu og pökkun á heimsendum mat og í kjölfarið fara í tímabundið útboð á framleiðslunni og að samningur við þriðja aðila myndi gilda lengst til ársins 2023 eða í tvö ár.

Gerð var þarfagreining og kröfulýsing í samvinnu við mannvirkjagerðarskrifstofu, deild framkvæmda- og viðhalds hjá umhverfis- og skipulagssviði og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Þann 8. júní 2022 voru tilboð á EES útboði velferðarsviðs nr. 15471 „Framleiðsla og pökkun á mat fyrir velferðarsvið“ opnuð. Eitt tilboð barst frá Umhverfivaktinni ehf. og hljóðaði tilboðsfjárhæð án vsk. upp á kr. 317.400.000 en í kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir kr. 170.100.000. Fleiri tilboð bárust ekki. Þann 22. júní 2022 tilkynnti Innkaupaskrifstofa að tilboðinu væri hafnað. Í ljósi þessarar niðurstöðu er ráðlegt að bjóða út að nýju og hafa samningstíma lengri eða til tíu ára en ekki tveggja ára. Með þessu er verið að fullreyna hvort tímaspönnin hafi haft áhrif á niðurstöðuna og að með lengri samningstíma muni viðunandi tilboð fást. Nýtt útboð hefur ekki í för með sér aukakostnað fyrir velferðarsvið.